

Trausti Jónsson

Ill tíð - fyrr og nú

Sömu veðurkerfi - önnur upplifun?

Þorraling veðurfræðifélagsins 21.febrúar 2019

Reykjavík febrúar 2019

Vandræðatíðarfar þá og nú?

Áður fyrr var þetta eins og skotleikur.

Var hægt að sleppa í gegnum árið án án stórtjóns eða bana af völdum tíðarfars eða illviðra?

Hvað með nútímann?

Eftir gömlum búmannsreglum segir Páll Vídalín lögmaður (1667-1727), að það sje kallað **meðalár** er svo viðrar á hausti, að geldar kýr ganga á haga til **allraheilagramessu**, og svo geldnaut öll, en hafa þó gjöf þar með í annað mál; en svo á vori, að sauðgróður sje kominn á Hallvarðsmessu **[15. maí]** og geldnaut gangi á haga þaðan í frá með gjöf í annað mál. Nautgróður sje kominn í **fardögum** og megi þá mjólkurkúr úti liggja, en sauðfje alt **með sumri**, ei er meðalært ella. Skal að haustnóttum ætla 9 hesta fóðurgæfs útheys hverjum 10 ám til vetrarbjargar; ekki er meðalár ef meira þarf að gefa.

Íslendingur III, 1862, bls. 77-78.

Hannes Finnson segir:

Heyskaparleysi er sú bráðasta og óumflýjanlegasta orsök til hallæris, ef harður vetur kemr á eftir; þó er **nýtingarleysi** heys miklu háskalegra en **grasleysi**. - Það heyskaparleysi, sem kemur af grasbresti liggur í augum uppi; og bændur setja eigi pening á það sem ekki er til. En þegar hey er mikið, þó skemmt í görðum, er meiri vandi at giska á not og krafta þess. Oft sýnist hey gott, sem peningur vill eigi éta, þegar aðfram kemur; ekki at tala um, þá **stórrigningar** framan af vetrum skemma það í görðunum, svo það hlýtr eins og haugur at útkastast. **Blotavetrar** með óstöðugum skakviðrum eru háskalegri en **frosta-** eða **snjóavetrar**; þó er lakast þegar jörð er **áfreðasöm** og undir eins óhrein. **Óhagkvæmni veðráttunnar gjörir oss þess vegna meiri skaða en veðraharkan.**

Hvaða óskunda gerðu (gera):

1. Frosthörkur (á auða jörð)
2. Fannkomur
3. Áfreðar
4. Vorharðindi
5. Vor- og sumarpurrrkar
6. Rigningasumur
7. Haustrigningar
8. Hafís
9. Illviðri

... þá og nú?

Endir